

DANS2LN05 fjarnám Námsáætlun (vorönn 2020)



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Kennari	Annette J de Vink	Sk.st.	AJV
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að leggja grunn að því að nemandinn geti notað dönsku til samskipta við Dani og aðra Norðurlandabúa sem og lesið sér til gagns um ýmis efni á dönsku. Nemandinn æfir hlustun, tal, lestur og ritun. Læsi er þjálfað með því að lesa fjölbreytta texta. Þá þjálfast nemandinn í að hlusta á talað mál af ýmsum miðlum, tjá sig á dönsku, skriflega og munnlega. Í áfanganum er kynning á sænsku og norsku bæði munnlega og skriflega. Lögð er áhersla á að efla samvinnu milli nemenda. Einnig er lögð áhersla á að nemandinn beri ábyrgð á eigin námsframvindu og sé meðvitaður um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál. Nemandinn fær áfram þjálfun í að nota hjálpargögn og kennsluforrit í námi sínu. Kennsla fer fram á dönsku að miklu leyti.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- dönsku máli, danskri menningu og tengslum Íslands og Danmerkur
- helstu einkennum danskrar tungu í framburði og rituðu máli
- skyldleika norðurlandamálanna
- helstu hjálpargögnum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hlusta á danskt mál og skilja meginmál t.d. í fréttum og í leiknu efni
- lesa sér til gagns og ánægju texta um margvísleg málefni
- tjá sig skýrt í ræðu og riti um málefni sem hann hefur kynnt sér

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja talað mál í samtali og í fjölmiðlum og átta sig á inntaki þess
- skilja inntak ritmáls um almenn og sérhæfð efni sem hann þekkir til eða hefur áhuga á
- nýta nýjan orðaforða bæði munnlega og skriflega
- nýta dönsku í samskiptum við Dani og að einhverju leyti í samskiptum við aðra Norðurlandabúa
- auka meðvitund um eigin færni í tungumálinu og eigin leiðir til að tileinka sér málið
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra

Námsgögn:

1. **2 námshefti** DANS2LN05, tekster, opgaver og noveller (á Moodle)
2. Dönsk-Íslensk-dönsk orðabók að eigin vali. Fæst í bókabúðum.
3. Kvikmynd: *Den unge Andersen* (á Moodle)

DANS2LN05 fjarnám Námsáætlun (vorönn 2020)

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
3	Slog kioskbestyrer ned under røveri (bls.7) SMS (novelle) (bls.10)	Verkefni í Moodle	
4	Mie: jeg blev standset (bls.14) Novelle: Enhver kan jo tage fejl (bls.74)	Verkefni í Moodle	
5	Bjergklatrer øver sig (bls.19) Armen revet av... (norsk tekst) (bls.25)	Verkefni í Moodle	
6	Det kolde gys (bls.29) Novelle: Historien om en mor (bls.80)	Verkefni í Moodle	
7	Unge iværksættere (bls.34 og 38)	Verkefni í Moodle	
8	Da Rasmus og Jakob blev hackere (bls.42) HC Andersen (film)	Verkefni í Moodle	Filmopgave (10%)
9	HC Andersen og eventyrspillet (bls.52)	Verkefni í Moodle	Eventyr-opgaven (10%)
10	Novelle: SEX (smásagnahefti bls.1)	Verkefni í Moodle	
11	Nabosprog undervisning (bls.62) Nordjobb og erfaringer med nordjobb (bls.64)	Verkefni í Moodle	
12	Utländska studenter (svensk tekst) (bls.69) Novelle: Den sidste fyr (smásagnahefti bls.6)	Verkefni í Moodle	
13	Tjuven satt fast i lufteanlægget (norsk tekst) (bls.72) Novelle: En flinker fyr (smásagnahefti bls.16)	Verkefni í Moodle	
14/15	Kroppen var tæt på at brænde sammen (bls.54)	Verkefni í Moodle	
16	UPPRIFJUN	Verkefni í Moodle	

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skriflegt próf	* LOKAPRÓF úr textaheftum og málfræði ásamt ólesnum texta	50%	
Annað	próf úr kvikmynd (10%), skriflegt verkefni (æfintýri) (10%)	20%	
Vinnueinkunn	Öll önnur skilaverkefni og próf á Moodle	30%	
	Samtals:	100%	
*Nemandi þarf að ná 40% árangri á lokaprófinu til að vetrareinkunn reiknist til hækkunar			

Dagsetning: 10.01.2020

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils